

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2024, föstudaginn 26. janúar var haldinn 106. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 09:35. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Kjartan Magnússon, Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf og Stefán Pálsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Eiríkur Björn Björgvinsson, Steinþór Einarsson og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 11. janúar 2024 þar sem fram kemur að samþykkt tillaga borgarstjóra dags. 9. janúar 2024 um að skýrsla um félagslegt landslag í Reykjavík verði send til umfjöllunar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði.

Fram fer kynning á skýrslu um félagslegt landslag í Reykjavík. MSS22020030

Kolbeinn H. Stefánsson dósent við félagsráðgjafadeild HÍ tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Að jafna aðgang og möguleika til þátttöku í öflugum menningar- og íþróttastarfi í Reykjavík er lykilhlutverk menningar- íþróttá og tómsundaráðs. Þessi skýrsla gefur mikilvæga innsýn í aðstæður borgarbúa til að tryggja aðgengi fyrir fjölbreytta hópa óháð efnahag, uppruna eða öðrum lýðfræðilegum þáttum, með sérstaka áherslu á þátttöku og virkni barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi.

2. Lögð fram úttekt Huldar Ingimarsdóttur á rekstri leikhússins Tjarnarbíós desember 2023 og janúar 2024.

María Rut Reynisdóttir fráfarandi skrifstofustjóri menningarborgar situr fundinn undir þessum lið.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsyfirlýsing borgarinnar og menningarmálaráðuneytis frá því í fyrra kvað m.a. á um að láta vinna úttekt á rekstri Tjarnarbíós og kortleggja leiðir til úrbóta. Sú úttekt liggur nú fyrir og er þar að finna tillögur um leiðir til að styrkja rekstrargrundvöllinn, s.s. varðandi tækniáðstöðu, húsnæðisaðstöðu, breyttri skráningu Menningarfélags Tjarnarbíós til að auðvelda tekjuöflun þess o.s.frv. Skýrslan er sú fyrri af tveimur sem unnin er í samvinnu borgar og ráðuneytis en hin er þarfagreining á aðstöðumálum sviðslista í víðara samhengi þar sem höfuðborgarsvæðið er undir. Sú skýrsla er væntanlega innan fárra mánaða og verða í kjölfarið ákveðin næstu skref. Meirihlutinn telur jafnframt nauðsynlegt að rýna betur ólíka valkosti í rekstri og framtíðaruppbyggingu með tilliti til rekstrarhæfis og þarfa sviðslista áður en næstu ákvarðanir eru teknar.

3. Fram fer umræða um Þjóðarhöll.

Ómar Einarsson fulltrúi í stjórn Þjóðarhallar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Þjóðarhöllinni fylgir bylting fyrir börnin í Laugardalnum. Skýr ákvæði um æfinga- og skólatíma í Þjóðarhöllinni og Laugardalshöllinni tryggja stöðugleika í íþróttá- og

skólastarfi fyrir börn og ungmenni í Laugardalnum í samræmi við önnur hverfi. Mikilvægt er að hið nýja og gagnsæa bókunarkerfi fyrir hallirnar í hverfinu, sé einnig innleitt fyrir önnur íþróttahús á vegum Reykjavíkurborgar. Þannig á bókunarstaðan að geta veitt samanburð á fjölda æfinga á milli m.a. hverfa, íþróttagreina, aldurs og íþróttafélaga. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð leggur lykílaherslu á að börn og ungmenni verði sett í fyrsta sætið í Laugardalnum með tilkomu nýrrar Þjóðarhallar.

- kl. 10:51 tekur Frimann Ari Ferdinandsson sæti á fundinum.
- 4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra dags. 24. janúar 2024 vegna þátttöku sveitarfélaga vegna vinnu við tilnefningu sundlaugarmenningar á skrá UNESCO – Sundlaugarnar í Reykjavík. MSS23120022
- 5. Lögð fram að nýju tillaga faghóps um styrkveitingar um styrki ráðsins á sviði menningarmála fyrir árið 2024 sem samþykkt var á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 15. desember 2024, ásamt greinargerð faghóps skipuðum fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar dags. 12. desember 2024. Í faghópnum sátu: Arndís Þórarinsdóttir, Ástþór Helgason, Elvar Bragi Kristjánsson, Freyja Eilíf Helgudóttir og Víkingur Kristjánsson. Trúnaður ríkti um tillöguna fram að úthlutun styrkjanna sem fram fór 25. janúar 2024.

SAMSTARFSSAMNINGAR 2024-2026

4.000.000	Alþjóðleg bókmenntahátíð í Reykjavík
3.000.000	Jazzhátíð Reykjavíkur
2.000.000	Starfssemi Hringleiks 2024

SAMSTARFSSAMNINGAR 2024-2025

2.000.000	List án landamæra listahátíð
2.000.000	RVK Fringe Festival 2024
2.000.000	Starf kammerhópsins Nordic Affect

LISTHÓPUR REYKJAVÍKUR 2024

2.500.000	Sviðslistahópurinn Óður – Póst-Jón
-----------	------------------------------------

STYRKIR 2024

2.500.000	Kammersveit Reykjavíkur
2.500.000	Caput-hópurinn
2.000.000	42. starfsár Listvinafélagsins í Reykjavík
2.000.000	UNGI - EGGIÐ 2024 - Alþjóðleg sviðslistasamtök fyrir unga áhorfendur.
1.500.000	DesignTalks 2024
1.200.000	Alþjóðleg Barnavikmyndahátíð í Reykjavík
1.200.000	Á milli - sýningarrými
1.200.000	TORG Listamessa 2024
1.200.000	Tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Hörpu
1.200.000	Ungmennadanshópurinn Forward
1.000.000	„ÉG DREPST ÞAR SEM MÉR SÝNIST“ - Bænaskrá Gísla Rúnars
1.000.000	15:15 tónleikasyrpan
1.000.000	Allt er fertugum fært - leikfélagið Hugleikur
1.000.000	Arctic space - sýningarrými

1.000.000	Associate Gallery - sýningarrými
1.000.000	Extreme Chill Festival 2024
1.000.000	Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými
1.000.000	Hreyfimyndahátíð Reykjavíkur - PHYSICAL CINEMA FESTIVAL
1.000.000	Starf Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins 2024
1.000.000	Tónleikar Camerartica 2024
1.000.000	Umbúkk. Listamannarekið bókverka- og viðburðarými.
800.000	ErkiTíð 2024 – kynslóðir - í 30 ár
800.000	Hetjusögur
800.000	Hæ/Hi Designing friendship 2024
800.000	Korda samfónía
800.000	Ljósmyndahátíð Íslands
800.000	Óður til móður - sviðsverk
800.000	Pierrot lunaire og Kall – tónleikar í Norðurljósum
800.000	Reykjavík Early Music Festival
800.000	Seigla – kammertónlistarhátíð
800.000	Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, æfingar og tónleikar 2024
800.000	Slökkvistöðin - sýningarrými
800.000	Starfsemi Cantoque Ensemble 2024
800.000	Tískusýning í Elliðaárstöð – Magnea og Anita Hirlekar
800.000	Tóma Rýmið – æfingarými fyrir sviðslistir
800.000	Undraheimur Rofafjarðar - leiksýning
800.000	Velkomin heim - tónleikaröð
800.000	VENUS - dansverk
800.000	Willfullness of a thing - almenningsgarður
800.000	Það er ekkert til sem heitir þögn - sviðsverk
600.000	_JÚLÍ24_ - vinnustofuverkefni á Dansverkstæðinu
600.000	Dans Afríka Barakan Festival Iceland 2024
600.000	FAR Fest Afríka Reykjavík 2024
600.000	Flutningur tónverksins Passíu eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur
600.000	Gallerí Undirgöng
600.000	Leikhópurinn Perlan – Goðsögur – Loki Laufeyjarsón
600.000	Gunnar Kvaran - tónleikabrenna
600.000	Hin stórkostlegu endalok- ÉG BÝÐ MIG FRAM 5 - sviðsverk
600.000	HULINN HEIMUR ÍSLENSKA MAURSINS – viðburður fyrir börn á Hönnunarmars
600.000	Lúðrasveit Reykjavíkur
600.000	Lúðrasveitin Svanur
600.000	Lúðrasveit verkalýðsins
600.000	Lyktsynf - hönnunarverkefni
600.000	Raflost 2024 - tilraunalistahátíð
600.000	Reykjavík Art Book Fair
600.000	Sírenur – dans, tónlist og myndlist í Ásmundarsal
600.000	Skapalón – leiðsagnir um hönnun fyrir ungmenni
600.000	Upptakturinn 2024 - tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna
600.000	Þrjátíu ára afmæli kvennakórsins Vox feminae
600.000	Þrjú ný og ólík verk fyrir raddir - upptökur og tónleikar – Schola Cantorum
500.000	Áfall - söngleikur
500.000	Icecon '24 - Furðusagnahátíð
500.000	Komum hér - sviðsverk
500.000	Píanókvartettinn Negla á Sígildum sunnudögum í Hörpu
500.000	Vetur, vor, sumar, haust 2024 – Glerhúsið sýningarrými
400.000	Á milli mála: fingur og fjaðrir – sýning á Hönnunarmars
400.000	Florest – þrívíddaprentari á Hönnunarmars
400.000	Jazz í Djúpinu

400.000	Jóhannesarpassián - 300 ára afmæli verksins
400.000	LEIR - sviðsverk
400.000	Maxímús Músíkus sögustundir í Hörpu
400.000	Menningardagskrár í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar yfir vetrartímann
400.000	Mozart tónleikar á fæðingardegi tónskáldsins
400.000	Útgáfa tímaritsins Börn og menning 2024
400.000	Veður (Milli himins og jarðar)
300.000	Dansari á víðavangi
300.000	Hellirinn Metalfest
300.000	Listamarkaður Q - félags hinsegin stúdenta
300.000	ReykjaDoom Fest 2024
300.000	Stabat Mater eftir Dvořák - Söngsveitin Fílharmónía
200.000	„1920s danskvöld“ í forstofunni í Bíó Paradís

6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um byggingu hálf knatthúss á félagssvæði Knattspyrnufélagsins Fram sbr. 102. fund menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 8. desember 2023 liður 9.

Tillögunni er vísað frá með 4 atkvæðum Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Ítarleg vinna við forgangsröðun íþróttamannvirkja fór fram á seinasta kjörtímabili og lauk árið 2020. Niðurstaðan var sameiginleg niðurstaða ÍBR og Reykjavíkurborgar og er unnið eftir henni. Bygging hálf knatthúss á félagssvæði Fram er ein af hugmyndunum á þeim forgangslista og er unnið að útfærslu hennar í samráði borgarinnar og félagsins. Tillögur um einstaka framkvæmdir verða ekki teknar fram fyrir röðina enda var víðtæk sátt um þessa forgangsröðun í borgarstjórn og innan íþróttahreyfingarinnar í borginni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins harma að meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar felli tillögu um að hafinn verði undirbúningur að byggingu knatthúss ásamt áhaldahúsi á félagssvæði Knattspyrnufélagsins Fram, sem þjónar íbúum í Grafarholti og Úlfarsárdals. Skýrt er kveðið á um byggingu umrædds mannvirkis í samningi milli Fram og Reykjavíkurborgar frá árinu 2017. Samkvæmt framkvæmdaáætlun með samningnum var ráðgert að mannvirkið yrði byggt á árunum 2019-2020. Tímabært er orðið að Reykjavíkurborg standi við samninginn að þessu leyti gagnvart Fram og íbúum í Grafarholti og Úlfarsárdal.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna minnir á að samkomulagið um flutning Knattspyrnufélagsins Fram upp í Úlfarsárdal var gert að frumkvæði Reykjavíkurborgar og hefur verið borginni mjög hagstætt. Mikill dráttur á framkvæmd þessara flutninga, af ýmsum ástæðum, reyndust félaginu og íbúum hverfisins erfiður. Mikilvægt er að sem fyrst verði unnt að ljúka þeirri uppbyggingu sem ákveðin var með hálfu knatthúsi og ætti borgin sem allra fyrst að gefa skýr fyrirheit með nákvæmri tímaáætlun um hvenær unnt verður að ráðast í þær framkvæmdir.

7. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurnýjun á gervigrasi á æfingavelli Knattspyrnufélagsins Fram sbr. 102. fund menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 8. desember 2023 liður 10.

Tillögunni er vísað frá með 4 atkvæðum Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svofellda bókun:

Endurnýjun á gervigrasi á æfingavelli Fram er á verkefnalista ársins 2024 eins og kemur fram á meðfylgjandi lista yfir viðhaldsverkefni ársins sem birt er í fundargögnum. Eins og nærri má geta er ekki þörf á því að samþykkja tillögur um verkefni sem þegar eru á listanum og er henni því vísað frá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að fyrirhugað sé að endurnýja gervigras á æfingavelli Knattspyrnufélags Fram í Úlfarsárdal samkvæmt minnisblaði, sem lagt var fram á fundinum. Gangi það eftir, mun tillaga Sjálfstæðisflokksins um málið frá 8. desember sl. komast til framkvæmdar á árinu, sem er ánægjulegt

8. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðsræðisskrifstofu dags. 12. janúar 2024 ásamt bókun öldungaráðs á fundi ráðsins 10. janúar 2024 vegna gjaldskrár fyrir 67 ára á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.
9. Lagt fram svar formanns samstarfsnefndar skíðasvæðanna dags. 24. janúar 2024 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gjalddöku á skíðasvæðum á 104. fundi menningar, íþróttá- og tómstundaráðs 5. janúar 2024 liður 2. MIR24010002.
- kl. 11:45 vikur Sabine Leskopf af fundi.

Fundi slitið kl. 11:46.

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson
Stefán Pálsson
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir

Pawel Bartoszek
Kjartan Magnússon